



Reykjavík, 13. febrúar 2024

MSS24010179

Borgarráð

Erindisbréf starfshóps um nýtingu stafrænna kennslulausna

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um nýtingu stafrænna kennslulausna eru lögð fram til kynningar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt: Erindisbréf starfshóps um nýtingu stafrænna kennslulausna, drög.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Starfshópur um nýtingu stafrænna kennslulausna

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Á fundi borgarráðs dags. 11. janúar 2024 var lagt fram bréf frá fagsviði persónuverndar Innri endurskoðunar og ráðgjafar um umfang vinnu vegna stafrænna kennslulausna í skólastarfi á vegum Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur með ýmsum hætti á liðnum árum lýst áhyggjum af umfangi og flækjustigi þeirrar vinnu sem sviðið stendur frammi fyrir gagnvart hlítinu við ákvæði persónuverndarlaga þegar kemur að skýrari heimildum til handa skólafnununum til að vinna persónuupplýsingar í þágu kennslu. Persónuverndarfulltrúi lagði til að setja á fót þverfaglegan hóp til að leggja mat á kennslulausnir í skólastarfi.

Helstu verkefni:

- Kortleggja allar stafrænar kennslulausnir sem eru í notkun á skóla- og frístundasviði.
- Meta áhrif á persónuvernd og útbúa skrár yfir vinnslustarfsemi vegna þeirra.

Starfshópurinn skipa:

Guðrún Sigtryggisdóttir formaður, skóla- og frístundasviði
Kolbrún Birna Hallgr. Bachmann, persónuverndarfulltrúi
Halla María Ólafsdóttir, þjónustu- og nýsköpunarsviði
Jón Pétur Skúlason, borgarlögmanni
Bjarnís Fjóla Jónsdóttir, skóla- og frístundasviði

Starfsmaður starfshópsins:

Katrín Elva Gunnarsdóttir, skóla- og frístundasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar eftir atvikum hjá persónuverndarteymi Reykjavíkurborgar, Barna- og menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Persónuvernd, auk annarra innan og utan borgar sem hafa sérþekkingu á málefnum.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok september 2024.





Reykjavík, [dags]

Einar Þorsteinsson

Hjálagt:

Bréf Innri endurskoðunar og ráðgjafar dags. 11. desember 2023

DRÖG



Reykjavík